

Mál nr. 288/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Umfang tjóns. Bindandi samningur.

Gögn.

1. Málskot móttengið 7. ágúst 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 13. ágúst 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M með tölvupósti dags. 16. ágúst 2024 og 1. september 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V með tölvupósti dags. 20. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M varð fyrir líkamstjóni hinn 21. ágúst 2023 á leið heim úr vinnu. Í sjúkraskrá M af bráðamóttöku Landspítala-Háskólasjúkrahúss kemur fram að M hafi leitað þangað hinn 22. ágúst 2023 og lýst atvikum þanni gað hún hafi misstigið sig við að ganga út úr strætó. M greindist síðan með brot í „distal fibula“ neðan við ökklaðið og var óvinnufær í nokkurn tíma. Í tilkynningu vinnuveitanda um slys til V dags. 12. október 2023 kemur fram eftirfarandi lýsing: „Viðkomandi missteig sig á leið í strætó á leið heim úr vinnu og fótbrotnaði á vinstri fæti.“ Í tjónstilkynningu frá lögmanni M til V dags. 7. febrúar 2024 kom hins vegar fram að misfella í gangstétt hafi verið þess valdandi að M missteig sig.

M telur að leggja eigi hennar eigin lýsingu til grundvallar af atvikum málsins, þ.e. að hún hafi hrasað um misfelli á gangstétt. M vísar meðal annars til þess að hún sé ekki mælandi á íslensku, hafi ekki haft túlk sem og að hún hafi ekki mátt gera sér grein fyrir að nákvæm lýsing þegar hún leitaði til læknis væri nauðsynleg.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur samtímalýsingar á atvikinu, þegar M leitaði til læknis, sýna að M hafi misstigið sig og þannig megi rekja líkamstjón hennar til innra ástands í líkama hennar en ekki utanaðkomandi atburðar. Einnig bendir V á að M hafi notið aðstoðar vinkonu sinnar sem túlkaði fyrir hana samskipti við lækna á heilsugæslu. V telur að M hafi ekki sýnt fram á að líkamstjón hennar sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar, en M beri sönnunarbyrði um það.

Í viðbótarathugasemdum lögmanns M kemur fram lýsing M í sjúkragögnum útiloki ekki að utanaðkomandi atburður hafi leitt til líkamstjóns hennar og hennar lýsingar séu skýrar og trúverðugar. Ekki sé hægt að gera þær kröfur til tjónþola að þeir átti sig á lögfræðilegum skilgreiningum á slyshugtaki við lýsingu atvika. Þannig hafi V getað fengið skýrari upplýsingar frá M um atvik í stað þess að hafna bótaskyldu. Þannig er vísað til lýsingar í tjónstilkynningu 6. febrúar 2024. Einnig vísar lögmaður M í seinni athugasemdum til dómaframkvæmdar um slyshugtakið sem og fræðiskrifa og telur að sönnunarbyrði hvíli á V um að líkamstjón sé hægt að rekja til innra ástands M.

V ítrekar í viðbótarathugasemdum sínum að það sé hin váttryggða sjálf sem beri sönnunarbyrði fyrir því að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem falli undir skilmála slysáttryggingar launþega. Samtímagögn í málinu styðji ekki að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða og lýsingar á slíkum hafi ekki komið fram af hálfu M fyrr eftir að bótaskyldu var hafnað. V bendir á að lýsingar M í læknisfræðilegum gögnum sýni að M hafi misstigið sig og dómaframkvæmd sýni að misstig eitt og sér vegna hreyfingar váttryggs teljist ekki koma til af utanaðkomandi atburði.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að atvikum sem leiddu til líkamsmeiðsla M sé mismunandi lýst í gögnum málsins, þ.e. lýsingar í sjúkragögnum og tilkynningu vinnuveitanda M til V lýsa atvikum sem misstigi en tjónstilkynning lögmanns M fyrir hennar hönd ber með sér að misstigið hafi orðið vegna misfelli í gangstétt.

Skilyrði þess að um slys sé að ræða í skilningi 2. gr. váttryggingarskilmála slysáttryggingar launþega eru meðal annars að meiðsli megi rekja til utanaðkomandi atburðar en ekki sjúkdóma eða annars innra

ástands í líkama M. Við mat á því hvort sannað sé að utanaðkomandi atburður hafi leitt til meiðsla verður að meta þær upplýsingar sem liggja fyrir um aðdraganda tjónsatviks.

Eins og áður segir fara þær upplýsingar ekki að öllu leyti saman en fyrstu lýsingar M af atvikum sýna að hún hafi misstigið sig. Ágreiningur er um hvort nægilega sé sannað að M misstigið sig vegna misfelli á jörðinni, en það væri sá utanaðkomandi atburður sem leitt hefði getað til meiðsla hennar, eða hvort meiðslin sé hægt að rekja til innra ástands í líkama M.

Þegar litið er til heildarmats á gögnum málsins verður litið til þess að samtímagögn geyma lýsingu af misstigi, án þess að getið sé sérstaklega til þess að það hafi stafað af misfelli á jörðinni. M ber sönnunarbyrði um að atvik hafi verið með þeim hætti að utanaðkomandi atburður hafi átt sér stað. Hallann af sönnunarskorti um það ber M.

Í lækisfræðilegum gögnum kemur heldur ekki með skýrum hætti fram að þau meiðsli sem M fékk meðferð við séu þess eðlis að þau gætu ekki komið til nema vegna utanaðkomandi atburðar. Verður einnig að meta hallann af sönnunarskorti um það M í óhag.

Af framangreindu verður því ekki talið nægilega sannað að þau meiðsli sem M hlaut á leið frá vinnu sinni hafi verið slys í skilningi 2. gr. í vátryggingarskilmálum slysatryggingar launþega og á M því ekki rétt til bóta á grundvelli þeirra gagna sem fyrir nefndinni liggja.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir